

Hverfisnefnd Naustahverfis

67. fundur, 5. maí. 2015

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:00

Mættir: Gunnar Valur Eyþórsson, Greta Huld Mellado, Anna Steinunn Þengilsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Þóroddur Eiríksson.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Vorhátíð Naustahverfis

Árleg vorhátíð Naustahverfis verður haldin í samvinnu við Naustaskóla. Hverfisnefnd sér um pylsupartýið að venju. Að þessu sinni verður hátíðin haldin fimmtudaginn 28. maí.

Skitping verka í undirbúning fyrir hátíðina er eftirfarandi:

- Gunnar Valur talar við Egils um gos og pantar borð og ruslatunnur hjá Akureyrarbæ og óskar eftir að láta opna hliðið upp í Naustaborgir sem og minna á að ruslið sé sótt samdægurs.
- Gréta talar við Kjarnafæði um pylsur.
- Anna Steinunn talar við Kristjáns um pylsubrauð
- Anna Sjöfn talar við Bónus um sósur, steiktan oph. og ræðir við Ara á Greifanum og óskar eftir grillum og borðum.
- Gísli pantar pláss fyrir auglýsingu í Dagskránni og sendir þeim texta

2. Gönguferð um hverfið

Bæjarfulltrúar og trúnaðarmenn sjálfstæðisflokksins ætla að ganga um hverfi Akureyrar og hitta bæjarbúa og verður gangan í Naustahverfi miðviludaginn 27. Maí og hist verður við Naustaskóla kl 17:00. Hverfisnefnd hvetur íbúa hverfisins til að mæta og koma sínum ábendingum á framfæri en einhverjir fulltrúar verða í göngunni úr hverfisnefndinni.

3. Þrif á götum og gangstéttum

Hverfisnefndin vill ítreka áður fram komnar óskir um að látið verða sitja fyrir að sópa götur og gangstéttar í kringum Naustaskóla og Naustatjörn vegna mengunar. Eins fer að verða mjög mikilvægt að sópa Kjarnagötuna og gangstíga við götuna, þar sem nú á vordögum hefur aukist umferð vegna framkvæmda beggja vegna götunnar með tilheyrandi efnisflutningum og þá eðlilega leiðir það til aukinnar mengunar. Áður hefur verið fjallað um þrif á götum og gangstéttum hjá nefndinni og er vísað í lið 1 í fundargerð 58. fundar þann 28. apríl 2014 og lið 4 í fundargerð 65. Fundar þann 17. Febrúar 2015

4. Strætó

Fjallað hefur verið um það í fréttamiðlum hér á Akureyri að Strætó muni hugsanlega þurfa að leggja niður akstur í einn mánuð í sumar frá 15. júlí til 15. ágúst, þar sem ekki fást starfsmenn í sumarafleysingar. Hverfisnefndin vill lýsa áhyggjum sínum yfir þessum fréttum og mun fylgjast með framgangi málsins. Það mun verða töluverð röskun fyrir íbúa og gesti Akureyrarbæjar að engin strætóþjónusta verði um hásumarið og vonar nefndin svo sannarlega að úr þessu muni rætast.

Ekki fleira rætt fundi slitið kl 21:00